

## Búum börnum bestu skilyrði

Bæjarfélög sem búa vilja börnum og unglíngum bestu mögulegu skilyrði til menntunar og uppvaxtar þurfa að marka skýra stefnu um málefnið.

Skýr skólstefna gefur jákvæðan tón varðandi nám og alla umgjörð skólstarfs. Um skólstefnuna þarf að ríkja eining og þannig höfum við unnið að stefnunni sem hér er kynnt. Hópur skipaður 14 einstaklingum sem hver um sig hefur ákveðin tengsl við skólana hér í Hveragerði tók að sér að marka stefnuna undir styrkri leiðsögn Ólafs Jóhannessonar aðjúnks við Kennaraháskóla Íslands. Skólstefnan var einróma samþykkt af bæjarstjórn þann 10. apríl 2008.

Öll börn eiga rétt á bestu mögulegu skilyrðum til náms og leiks. Að því marki ber okkur að stefna og munu skólarnir hér í Hveragerði nú hafa skólstefnuna að leiðarljósi við gerð starfsáætlana sinna.

Öllum þeim sem komu að gerð skólstefnu Hveragerðisbæjar eru þökkud góð vinnubrögð.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri  
Ragnhildur Hjartardóttir, formaður skólanefndar

## Inngangur

Skólstefnu Hveragerðisbæjar er ætlað það meginhlutverk að stuðla að markvissu og framsæknu skólstarfi þar sem allir sem málið varðar stilla saman strengi.

Velferð barna og unglínga bæjarins er í fyrirrúmi í skólstefnunni og hagsmunir þeirra í bráð og lengd eiga að vera öllum leiðarljós sem veita stefnu þessari brautargengi.

Skólstefnan er afrakstur af samvinnu allra þeirra sem með formlægum hætti vinna í þágu æskunnar í Hveragerðisbæ og í dreifbýli Ölfuss. Kostað er kapps um að stefnan sé skýr og feli í sér leiðsögn til þeirra sem annast framkvæmd einstakra þátta en veiti einnig þeim sem með framkvæmd fara nægjanlegt svigrúm til útfærslu.

Greint er á milli stefnu og framkvæmdar með þeim hætti að gert er ráð fyrir að innan hvernar stofnunar eða hagsmunahóps verði unnin aðgerðaáætlun, t.d. til árs í senn, sem byggist á þeirri stefnu sem hér er mörkuð.

## Velferð nemenda

Í öllu skólstarfi ber að leggja áherslu á andlegan og líkamlegan þroska hvers nemanda. Mikilvægt er að sérhverjum nemanda líði vel í skóla og þar fái hæfileikar hvers og eins notið sín. Brynt er að koma til móts við þarfir hvers og eins og nám þannig einstaklingsmiðað og námsefni við hæfi. Leggja ber áherslu á að efla félagsfærni hvers og eins nemanda.

Áhersla er lögð á heilbriggt líffærni og hollustu sem m.a. endurspeglast í því fæði sem börnum er boðið í skólunum.

## Velferð starfsfólks

Starfsmenn skóla skulu búa við góð vinnuskilyrði og njóta markvissrar endurmenntunar. Áhersla er lögð á að nemendahópar séu af hóflegri stærð svo unnt sé að sinna hverjum og einum nemanda sem best. Mikilvægt er að starfsfólk skóla eigi kost á sérfræðiráðgjöf vegna sértækra vandamála nemenda.

Mikilvægt er að hver stofnun geri sér skýra grein fyrir styrkleika sínum og hugsanlegum veikleikum og leiti leiða til markvissra umbóta. Með markvissri starfsmannastefnu er stuðlað að líkamlegri og andlegri velferð starfsmanna.

## Áherslur og einkenni í starfi Grunnskólans í Hveragerði

Einkennisorð Grunnskólans í Hveragerði eru: viska, víðsýni, virðing og vandvirkni. Í ljósi þessara einkennisorða er daglegt skólstarf mótað. Einkennisorðin bera með sér að áhersla er lögð á að hver nemandi nái þeim þroska sem kostur er og að öll verk séu unnin af faglegum metnaði og vandvirkni. Lögð er áhersla á að auka víðsýni nemenda og þar með umburðarlyndi fyrir þeim fjölbreytileika sem einkennir nemendahópinn hverju sinni, sem hefur margvíslegan bakgrunn og trúarbrögð. Nýbúafraeðsla er markviss liður í starfsemi grunnskólans.

Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum einkennir umgengni nemenda og starfsmanna og dagleg samskipti innan skólans og út á við.

Í skólstarfi er lögð áhersla á styrk tengsl við stofnanir í bænum og að nýta sérkenni nánasta umhverfis sem uppsprettu náms og kennslu.

Námsframboð er fjölbreytt og þar er verk- og listnámi gert hátt undir höfði um leið og áhersla er lögð á bóknám. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og sjálfstæða hugsun. Einnig er lögð rækt við útikennslu og heilsueflingu.

Listamannabærinn Hveragerði er hvati að margvíslegum þroskandi viðfangsefnum í námi. Æskilegt er að flétta margvíslega menningarviðburði inn í starf skólstarfs, svo sem tónleika og leikhús.

Grunnskólinn mótir öfluga og heildstæða áætlun fyrir náms- og starfsfræðslu.

Grunnskólinn leggur áherslu á góð tengsl við eldri borgara bæjarins með gagnkvæmum heimsóknnum og sameiginlegum atburðum.

Áhersla er lögð á að búa nemendum hlýlegt og vistlegt umhverfi utan kennslustunda þar sem margvísleg aðstaða til hvíldar og dægradvalar er til staðar svo sem leikir, spil, tímarit, útvarp. Þessi aðstaða er skipulögð í nánú samstarfi við nemendur og leitað eftir tillögum þeirra um æskilega tilhögun.

Mikilvægt er að skóladagurinn sé samfelldur og skal stefnt að því að félagsstarf hvers konar svo sem tónlist og íþróttir tengist öðrum viðfangsefnum skólstarfs sem best. Góð upplýsingagjöf er mikilvæg og því er haldið úti heimasíðu fyrir grunnskólann til að tryggja sem best upplýsingaflæði til foreldra, forráðamanna og nemenda.

## Áherslur og einkenni í starfi leikskólanna í Hveragerði

Í leikskólstarfi er tekið mið af almennri námskrá fyrir leikskóla en sérstök rækt er lögð við að efla lífsleikni nemenda. Leikurinn, leikræn tjáning og listsköpun skipa veglegan sess í starfi leikskólanna. Mikilvægt er að starfsfólk fái markvissa þjálfun í þessum þáttum.

Áhersla er lögð á góð samskipti leikskólabarna við eldri borgara, m.a. með gagnkvæmum heimsóknnum barna og íbúa Dvalarheimilisins Áss. Þessi samskipti eru mikilvægur þroskakostur fyrir börnin og eldra fólkinu gleðigjafi.

Leikskólar leggja í starfi sínu áherslu á umhverfis- og náttúrustefnu þar sem börnum er kennt að njóta umhverfisins og virða það

Nýbúafraeðsla er markviss liður í starfsemi leikskólanna. Þemadagar eru m.a. nýttir í þá starfsemi.

Mikilvægt er að lifandi tengsl séu milli leikskólanna og ýmissa stofnana í sveitarfélaginu.

Góð upplýsingagjöf er mikilvæg og því er haldið úti heimasíðu fyrir leikskólana til að tryggja sem best upplýsingaflæði til foreldra. Formleg skipan þarf að vera á samskiptum við heimilin svo þau ráðist ekki af áhuga einstakra starfsmanna.

Æskilegt er að flétta margvíslega menningarviðburði inn í starf leikskólanna svo sem tónleika og leikhús.

Miklu varðar að umhverfi barnanna sé aðlaðandi, hlýlegt og örvandi.

## Tengsl heimila og skóla

Mikilvægt er fyrir velferð nemenda að gagnkvæmt traust, virðing og öflug tengsl ríki milli heimila og skóla. Gott samstarf og upplýsingastreymi þarf að vera milli þessara aðila.

Öflugt foreldrafélag er mikilvægur bakhjarl nemenda og skólans og samskipti milli heimila og skóla þurfa að vera reglubundin.

Stefnt er að því að allir foreldrar barna fram til 5 ára aldurs fái markvissa fræðslu um uppeldismál. Þessi fræðsla er á ábyrgð leikskólafulltrúa og leikskóla sveitarfélagsins.

Þann sem er ungur að árum  
Efl þú að þroska og dáð  
Lækning við sérhverjum sárum  
Séu þín guðlegu ráð.

Höfundur himna  
Helga þú sérhverja tíð  
Blessa þú blóm vorrar jarðar  
Blessa þú æskunnar lýð.

Æskilegt er að námskeið um skólafærni séu haldin fyrir forráðamenn barna í 1. bekk og fyrir forráðamenn og börn þeirra í 7. bekk. Fræðsla á þessum námskeiðum er um skólagöngu barna, nám og þroska. Þessi fræðsla er á ábyrgð skólastjóra.

## Tengsl milli skólastiga

Mikilvægt er að tengsl milli skólastiga séu gagnvirk og fjölþætt þar sem hagsmunir nemenda sitja í fyrirrúmi.

Samstarf milli leik- og grunnskóla má styrkja með margvíslegum aðgerðum. Leggja ber áherslu á gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara og að efla starfsemi vorskólans í grunnskólanum sem ætlaður er verðandi 1. bekkjum. Stefna ber að því að 5. árið í leikskóla sé gjaldfrjálst og lögð áhersla á að öll börn geti nýtt sér það. Með því móti má efla enn frekar "skólahóp" leikskólans. Þá er ástæða til að huga að námsefni sem tengir þessi tvö skólastig enn frekar saman.

Leggja ber áherslu á margþætt tengsl milli grunn- og framhaldsskóla. Þetta má gera með auknu upplýsingastreymi milli þessara skólastiga í formi kynninga og gagnkvæmra heimsókna. Þá er æskilegt að auka framboð á framhaldsskólaáföngum innan grunnskólans og á það bæði við um bóklegar og verklegar greinar. Einnig er æskilegt að framhaldsskólar á Suðurlandi bjóði í auknum mæli fjarnám. Markmiðasett lok grunnskóla, þar sem í boði væru mismunandi leiðir, gæfu kost á sveigjanlegum skilum milli grunn- og framhaldsskóla.

Efla ber vægi listgreina í leik- og grunnskólum með auknu samstarfi við tónlistarskóla og Listasafnið. Einnig er æskilegt að auka hreyfingu nemenda á báðum þessum skólastigum, m.a. með aukinni dansiðkun, eða annarri markvissri hreyfingu.

## Tengsl skóla við umhverfið

Æskilegt er að efla starfskynningu í skólum í samstarfi við félagasamtök og atvinnulíf. Þar má t.d. nefna Garðyrkjuskólann, Háskólasetrið, Hjálparveit skáta, slökkvilið, samtök eldri borgara og fyrirtæki í bænum. Leggja ber áherslu á að nemendur miðli þekkingu til annarra og læri af öðrum.

Nemendur þurfa að læra að þekkja vel umhverfi sitt og öðlast virðingu fyrir því með margvíslegum verkefnum í tengslum við náttúruna, m.a. verði komið upp útistofu þar sem unnin eru margvísleg verkefni tengd náttúru og umhverfi.

Komið verði á fót heilsuskóla þar sem áhersla er lögð á hreyfingu, hollustu og útivist. Listalíf verði aukið þar sem m.a. er sótt í smíðju Hveragerðis-skáldanna, til Listasafnsins og til gesta sem dvelja í listamannahúsinu við Varmahlíð.

## Tónlistaruppeldi

Auk tónmenntakennslu í skólunum er lögð áhersla á öflugt samstarf við Tónlistarskóla Árnesinga. Markmið tónlistaruppeldis er jöfnum höndum að veita nemendum þjálfun í að iðka tónlist og njóta hennar. Í skólum bæjarins verður sköpuð aðstaða fyrir kennslu á vegum Tónlistarskólans.

Nemendur sem njóta tónlistarmenntunar koma fram við ýmis tækifæri og auðga þannig bæði skólastarf og menningarlíf bæjarins.

## Forvarnarstarf

Hveragerðisbær mótir forvarnastefnu og býður fram eða tekur þátt í fjölbreyttri fræðslu sem snýr að forvörnum. Á grundvelli forvarnastefnu bæjarins er mótuð tveggja ára aðgerðaáætlun sem beinist að skilgreindum verkefnum sem mikilvæg eru.

Fræðsla fyrir foreldra og börn verður í boði á öllum aldurstigum sem forvarnaáætlunin nær til.

Lykilaðilar í aðgerðaáætluninni verða leikskólar bæjarins og grunnskólinn. Þeim til stuðnings og aðstoðar verða svo stofnanir og félagasamtök sem tengjast viðkomandi aldurstigum. Lykilaðilar fyrir hvert aldurstig sjá um að framfylgja aðgerðaáætlun og tryggja samstarf hagsmunaaðila í samráði við íþrótta- og tómstundanevnd.

Velferð barna og unglinga skal höfð að leiðarljósi í öllu forvarnastarfi Hveragerðisbæjar.

# SKÓLASTEFNA

Útgefandi: Hveragerðisbær  
Útgefið: Október 2008  
Hönnun: Hennar hátígn ehf.

Sálmur: Erindin tvö eru úr sálminum  
*Vak yfir veraldarlöndum* sem  
Sr. Helgi Sveinsson, samdi til handa  
börnum Hveragerðisbæjar. Síðan  
hefur sálmurinn ávallt verið sunginn  
við fermingar hér í bæ.



HVERAGERÐISBÆR